

Ágætu aðal- og varamenn í sóknarnefndum Austfjarðaprófastsdæmis!

Ég hef verið fulltrúi leikmanna í Austfjarðaprófastsdæmi á kirkjuþingi síðust árin. Af því starfi hef ég haft gagn og gaman, enda fróðlegt og áhugavert. Á þinginu hefur mér verið treyst fyrir margvíslegum störfum, hef allan tímann setið í fjárhagsnefnd, sat í nefnd sem samdi nýjar reglur um kjör til kirkjuþings og kjör biskups og vígslubiskupa, er formaður starfskjaranefndar og frá áramótum verið annar tveggja fulltrúa leikmanna í þriggja manna framkvæmdanefnd. Sú nefnd tók til starfa um síðustu áramót og er hluti þeirra breytinga sem orðið hafa á stjórnskipulagi Þjóðkirkjunnar á síðustu árum.

Ábyrgð kirkjuþingsfulltrúa er mikil, fjármálin hvíla á herðum þeirra og mikilvægt er að sem fyrst náist jafnvægi í fjármálum Þjóðkirkjunnar. Við þá vinnu er leiðarljósið að verja grunnþjónustu kirkjunnar um allt land. Þjóðkirkjan á stórt eignasafn t.d. íbúðarhús og jarðir. Hafin er vinna við eignastefnu sem á að taka mið af þörfum kirkjunnar og möguleikum á auknum tekjum. Jöfnunarsjóður er og verður sóknum mikilvægur og tryggja þarf kirkjunni óskert sóknargjöld. Því miður hefur ekki tekist að ná til baka þeirri skerðingu sem ákveðin var þegar þrengdi að í hruninu.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla Þjóðkirkjuna, þar þarf að mörgu að hyggja, sóknarfærin eru mörg. Ég vona að reynsla mín hafi komið Þjóðkirkjunni að gagni í störfum mínum á kirkjuþingi og í þeim nefndum sem ég hef setið í. Undanfarin ár hafa störf mín fyrir Þjóðkirkjuna skilað mér reynslu og þekkingu. Í ljósi þess tel ég mig geta áfram gert Þjóðkirkjunni gagn og hef því ákveðið að gefa kost á mér til áframhaldandi setu á kirkjuþingi og leita nú eftir endurnýjuðu umboði leikmanna í Austfjarðaprófastsdæmi.

Með von um góða þátttöku í kosningunum kveð ég með þakklæti og hlýhug.

Einar Már Sigurðarson.